

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 1998.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk, norsk og rússnesk stjórnvöld um heimildir skipa frá þessum löndum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1998.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

3. gr.

Á árinu 1998 er færeyskum og norskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan 11°30'V.

Rússneskum skipum er óheimilt að stunda síldveiðar innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'N - 09°00'V
2. 67°00'N - 09°00'V
3. 69°25'N - 13°00'V.

Óheimilt er norskum skipum að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi meira en 144.000 lestir, færeyskum skipum meira en 71.000 lestir og rússneskum skipum meira en 5.600 lestir af síld á árinu 1998.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri um borð, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Um tilkynningar fiskiskipa, sem leyfi hafa fengið til veiða innan fiskveiðilandhelginnar samkvæmt 2. gr., skulu gilda eftirfarandi reglur:

Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu og afla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.

Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.

Tilkynna skal siglingu út úr íslenskri lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.

Heimilt er ráðuneytinu að ákveða að skipin skuli sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelginni á tilteknum athugunarstöðvum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara.

Landi skip afla sínum í íslenskum höfnum skal tilkynna heildarafla þegar eftir löndun.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.